

Halldór Jónsson ehf.  
Skútuvogi 11  
104 Reykjavík

Reykjavík, 8. október 2021  
UST202109-102/H.I.I.  
07.06.02

### Málslok

Vísað er til bréfs dags. 23.9.2021 þar sem gert var grein fyrir frávikum sem komu fram við eftirlit með vörunni Caramba, sem skoðuð var í verslun Byko á Breiddinni, en heildverslunin Halldór Jónsson ehf. er ábyrg fyrir markaðssetningu á.

Fyrirtækið hefur orðið við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur og gerir stofnunin því ekki frekari athugasemdir, svo framarlega sem vörunar séu ekki í sölu öðruvísi en í samræmi við úrbætur sem fyrirtækið hefur lagt fram vegna málsins.

Vakin er athygli á því að hér er eingöngu um að ræða eftirlit með vörunni Caramba og því aðeins gerðar athugasemdir við hana. Hugsanlegt er að aðrar vörur sem Halldór Jónsson ehf. setur á markað standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli laganna.

Upplýsingar um sæfivörur og flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna má finna á vefsíðu Umhverfisstofnunar, [www.ust.is/atvinnulif/efni/](http://www.ust.is/atvinnulif/efni/).

Gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúræða er innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 með síðari breytingum. Gefinn verður út reikningur að fjárhæð kr. 13.200,-.

Virðingarfyllst,

*Hafdís Inga Ingvarsdóttir*  
Hafdís Inga Ingvarsdóttir  
sérfræðingur

*Bergdís B. Bæringsdóttir*  
Bergdís Björk Bæringsdóttir  
sérfræðingur